

4. fundur stjórnar AP, starfsárið 2015-2016

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík mánudaginn 2. nóvember 2015 kl. 15:00

Mætt: Arnar Guðmundsson, Elías Pétursson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sif Jóhannesdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

1. Gagnavarsla og bókhaldsmál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir niðurstöðum varðandi upptöku á nýju bókhaldskerfi og breytingum á gagnavistun hjá félaginu sbr. fund 23. júní sl. Niðurstaðan er að taka upp TOK fjárhagsbókhaldskerfi ásamt launakerfi og verkbókhaldi. Jafnframt verði öll gagnavistun sett í svokallaða „skýjalausn“ eða Office 365 hjá Microsoft. Fyrir liggur tilboð frá Advania varðandi uppsetningu og rekstur á nýju fyrirkomulagi. Skv. því mun árlegur ávinningur nema um 500 þús. kr. miðað við núverandi kostnað og mun innleiðingarkostnaður skila sér til baka á hálfu ári.

Stjórnin samþykkir að ráðist verði í þessar breytingar eins og þær eru kynntar.

2. Starfsáætlun 2016

Farið yfir drög að starfsáætlun sem unnin er af starfsmönnum félagsins. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu breytingum á milli ára og gerðar voru breytingar sem snúa að því að gera sýnilega í starfsáætlun áherslu félagsins á fjölbreytta uppbyggingu atvinnutækifæra á starfssvæðinu öllu.

Að umræðu lokinni var starfsáætlun 2016 samþykkt.

3. Rekstraráætlun 2016

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir rekstraráætlun ársins og helstu forsendum hennar. Gert er ráð fyrir jafnvægi í rekstri líkt og undangengin ár en megin breytingin felst í því að starfsmenn félagsins verða nú fjórir í stað þriggja með tilkomu byggðaeftlingarverkefna á Raufahöfn og Kópaskeri og nágrenni í samstarfi við Byggðastofnun, Norðurþing, Eyþing og íbúa undir heitinu „Brothættar byggðir“.

Farið var yfir áætlunina lið fyrir lið og þær forsendur sem fyrir liggja, m.a. varðandi áætlaðar verðlags- og launabreytingar á milli ára.

Að yfirferð lokinni var áætlunin samþykkt og verður send sveitarfélögunum til afgreiðslu.

4. Önnur mál

- i. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samningum sem unnið er að á vegum Málmís ehf. varðandi gulleit í Þormóðsdal.
- ii. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir erindi sem borist hefur frá Invest in Poland um samstarf á sviði atvinnuþróunar. Stjórnin sammála um að beina erindinu til Íslandsstofu sem er landsdekkandi eins og Invest in Poland.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45